

## **Hampiðjan hf.**

**Samandreginn árshlutareikningur  
samstæðu 30. júní 2018**

**Samandreginn árshlutareikningur  
samstæðu 30. júní 2018**

<b>Efnisyfirlit:</b>	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra.....	2
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda.....	3
Rekstrarreikningur.....	4
Yfirlit um heildarafkomu.....	4
Efnahagsreikningur.....	5
Yfirlit um breytingar á eigin fé.....	6
Sjóðstreymi.....	7
Skýringar.....	8 - 11

Hampiðjan hf.  
kt. 590169-3079  
Skarfagörðum 4  
Reykjavík

## Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Samandreginn árshlutareikningur Hampiðjunnar hf. fyrir tímabilið janúar til júní 2018 er samstæðureikningur Hampiðjunnar hf. og dótturfélaga.

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður samstæðunnar á tímabilinu 5.640 þúsund evrur og eigið fé í lok þess 104.623 þúsund evrur en af þeirri upphæð eru 10.342 þúsund evrur hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga. Að öðru leyti vísast til árshlutareiknings um rekstur samstæðunnar á tímabilinu og fjárhagsstöðu í lok þess.

Þann 1. febrúar var gengið frá kaupum dótturfélags Hampiðjunnar hf., Hampiðjan Canada, á rekstri og lager North Atlantic Marine Supplies and Services (NAMSS). Eftir kaupin er Hampiðjan stærsta fyrirtækið í sölu á veiðarfærum og veiðarfæraefni á austurströnd Kanada.

Þann 15. júní tilkynnti félagið að skrifað hefði verið undir kaup á félaginu Tor-Net LP, SL í Las Palmas á Kanaríeyjum. Kaupin hafa í för með sér töluverða samlegð þar sem Hampiðjan selur nú þegar mikið af vörum til veiðarfæragerðar á Kanaríeyjum. Með eigin netaverkstæði ásamt annarri vörusölu er hægt að veita útgerðarfélögum á þessu svæði mun betri þjónustu en nú er

Á fyrri hluta ársins gekk félagið frá kaupum á hlutdeild minnihluta í Fjarðanetum hf. Hluti af kaupverðinu var greiddur með eigin bréfum Hampiðjunnar hf.

Á árinu var hafist handa við byggingu nýs netaverkstæðis á Neskaupsstað. Um bygginguna var stofnað félag, Fasteignafélagið Miðhús ehf. og fer Hampiðjan með 53,3% hlutafjár í félaginu.

Stjórn og forstjóri Hampiðjunnar hf. staðfesta hér með samandreginn árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið janúar til júní 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík 23. ágúst 2018

Stjórn:

Vilhjálmur Vilhjálmsson

Kristján Loftsson

Auður Kristín Árnadóttir

Guðmundur Ásgeirsson

Sigrún Þorleifsdóttir

Forstjóri:

Hjörtur Erlendsson

## Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

### Til stjórnar Hampiðjunnar hf.

#### Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árslutareikning samstæðu Hampiðjunnar hf. og dótturfélaga fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2018. Samandregni árslutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samandregna árslutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árslutareikninga IAS 34. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árslutareikninginn sem byggir á könnuninni.

#### Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árslutareikningum. Slik könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

#### Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að samandregni árslutareikningurinn sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjavík 23. ágúst 2018

### PricewaterhouseCoopers ehf

Kristinn F. Kristinsson

## Rekstrarreikningur samstæðu

	1.1. - 30.6 2018	1.1. - 30.6 2017
Sala .....	77.305	63.845
Beinn framleiðslukostnaður .....	<u>(55.676)</u>	<u>(44.541)</u>
<b>Framlegð</b>	21.629	19.304
Rekstrarkostnaður .....	<u>(13.686)</u>	<u>(11.615)</u>
<b>Rekstrarhagnaður</b>	7.943	7.689
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	(1.092)	(10)
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaganna .....	47	72
Innleystur söluhagnaður vegna fjárfestingareigna .....	<u>0</u>	<u>6.588</u>
	(1.045)	6.650
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	6.898	14.339
Tekjuskattur .....	<u>(1.258)</u>	<u>(724)</u>
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<u>5.640</u>	<u>13.615</u>
<b>Skipting hagnaðar</b>		
Hluti hluthafa móðurfélagsins .....	4.990	13.049
Hluti minnihluta í afkomu dótturfélaga .....	<u>650</u>	<u>566</u>
	<u>5.640</u>	<u>13.615</u>
EBITDA .....	9.976	9.466
<b>Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut (EUR cent á hlut)</b>	1,16	2,80

## Yfirlit um heildarafkomu

	1.1. - 30.6 2018	1.1. - 30.6 2017
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	5.640	13.615
<b>Rekstrarliðir færðir á eigið fé</b>		
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlendra dótturfélaga .....	412	(668)
Matsbreyting fjárfestingareigna .....	<u>0</u>	<u>339</u>
<b>Heildarafkoma tímabilsins</b>	<u>6.052</u>	<u>13.286</u>
<b>Skipting heildarafkomu</b>		
Hluti hluthafa móðurfélagsins .....	5.360	12.970
Hluti minnihluta .....	<u>692</u>	<u>316</u>
<b>Heildarafkoma tímabilsins</b>	<u>6.052</u>	<u>13.286</u>

Skýringar á bls. 8 - 11 eru óaðskiljanlegur hluti þessara samstæðureikningsskila

## Efnahagsreikningur samstæðu

Eignir	30/06 2018	31/12 2017
<b>Fastafjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	67.590	64.260
Óefnislegar eignir .....	39.185	38.383
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum .....	910	863
Fjárfestingareignir .....	517	498
Tekjuskattsineign .....	88	123
	<u>108.290</u>	<u>104.127</u>
<b>Veltufjármunir</b>		
Birgðir .....	50.483	47.969
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....	35.315	21.824
Handbært fé .....	10.939	13.023
	<u>96.737</u>	<u>82.816</u>
<b>Eignir samtals</b>	<u>205.027</u>	<u>186.943</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>	<b>30/06 2018</b>	<b>31/12 2017</b>
<b>Eigið fé</b>		
Hlutfé og yfirverðsreikningur .....	6.454	5.531
Aðrir varasjóðir .....	136	(234)
Annað bundið eigið fé .....	14.862	12.295
Óráðstafað eigið fé .....	72.829	73.390
	<u>94.281</u>	<u>90.982</u>
Hlutdeild minnihluta .....	10.342	11.272
<b>Eigið fé samtals</b>	<u>104.623</u>	<u>102.254</u>
<b>Skuldir</b>		
<b>Langtímaskuldir</b>		
Langtímaskuldir .....	58.480	53.808
Tekjuskattsskuldbinding .....	3.920	3.931
	<u>62.400</u>	<u>57.739</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>		
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....	25.311	16.682
Skuldir við lánastofnanir .....	12.693	10.268
	<u>38.004</u>	<u>26.950</u>
<b>Skuldir samtals</b>	100.404	84.689
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<u>205.027</u>	<u>186.943</u>

Skýringar á bls. 8 - 11 eru óaðskiljanlegur hluti þessara samstæðureikningsskila

## Yfirlit um breytingar á eigin fé samstæðu

	Hlutfé og yfir- verðsreikn.	Aðrir vara- sjóðir	Matsbr. fjárf. eigna	Annað bundið eigið fé	Óráðst. eigið fé	Hludt. minnihl.	Samtals
<b>Staða 1. janúar 2017</b>	5.531	846	10.039	6.220	60.102	10.824	93.562
<i>Heildaraðkoma:</i>							
Heildaraðkoma janúar til júní 2017 eftir skatta .....		(417)	339	0	13.048	316	13.286
Minnihluti, breyting .....						(193)	(193)
Hl. í afk. dótturfélaga umfr. móttækinn arð .....				3.048	(3.048)		0
	0	(417)	339	3.048	10.000	123	13.093
<i>Eigendur:</i>							
Greiddur arður til hluthafa .....					(4.420)		(4.420)
	0	0	0	0	(4.420)	0	(4.420)
<b>Staða 30. júní 2017 / 1. júlí 2017</b>	5.531	429	10.378	9.268	65.682	10.947	102.235
<i>Heildaraðkoma:</i>							
Heildaraðkoma júlí til des. 2017 eftir skatta .....		(663)	(10.378)	0	10.735	320	14
Minnihluti, breyting .....						5	5
Hl. í afk. dótturfélaga umfr. móttækinn arð .....				3.027	(3.027)		0
	0	(663)	(10.378)	3.027	7.708	325	19
<b>Staða 31. desember 2017 / 1. janúar 2018</b>	5.531	(234)	0	12.295	73.390	11.272	102.254
<i>Heildaraðkoma:</i>							
Heildaraðkoma janúar til júní 2018 eftir skatta .....		370	0	0	4.990	692	6.052
Minnihluti, breyting .....						(1.555)	(1.555)
Hl. í afk. dótturfélaga umfr. móttækinn arð .....				2.567	(2.567)		0
	0	370	0	2.567	2.423	(863)	4.497
<i>Eigendur:</i>							
Greiddur arður .....					(2.984)	(67)	(3.051)
Seld eigin hlutabréf .....	923						923
	923	0	0	0	(2.984)	(67)	(2.128)
<b>Staða 30. júní 2018</b>	<u>6.454</u>	<u>136</u>	<u>0</u>	<u>14.862</u>	<u>72.829</u>	<u>10.342</u>	<u>104.623</u>

Innborgað hlutfé er samtals 6.454 þúsund evrur og greinist þannig að innborgað nafnverð er 5.498 þúsund evrur og innborgað yfirverð er 956 þúsund evrur.

### Annað bundið eigið fé

Samkvæmt 41. gr. ársreikningalaga ber félögum að færa hlutdeild í rekstri dótturfélaga og hlutdeildarfélagum umfram því sem nemur móttæknum arði eða þeim arði sem ákveðið hefur verið að úthluta, á bundinn reikning meðal eigin fjár.

## Sjóðstreymi samstæðu

	1.1. - 30.6 2018	1.1. - 30.6 2017
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Rekstrarhagnaður .....	7.943	7.689
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir .....	2.033	1.777
<b>EBITDA</b>	<u>9.976</u>	<u>9.466</u>
Söluþap (-hagnaður) varanlegra rekstrarfjármuna .....	(21)	(36)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum .....	(3.439)	(2.408)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	<u>6.516</u>	<u>7.022</u>
Innborgaðir vextir.....	208	131
Innborgaður arður.....	13	660
Greiddir vextir.....	(1.442)	(1.465)
Greiddir skattar.....	(958)	(342)
Handbært fé frá rekstri	<u>4.337</u>	<u>6.006</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>		
Kaup og sala varanlegra rekstrarfjármuna .....	(4.999)	(724)
Kaup óefnislegra eigna .....	(861)	(145)
Fjárfesting í dótturfélögum að frádrögnum handbæru fé .....	(6.493)	0
Fjárfesting í öðrum félögum .....	0	(796)
Sala eignarhluta .....	0	14.684
Handbært fé frá fjárfestingum (til fjárfestinga)	<u>(12.353)</u>	<u>13.019</u>
<b>Fjármögnunarahreyfingar</b>		
Bankalán, breyting .....	8.212	(8.486)
Breyting á hlutafé .....	923	0
Arður greiddur til hluthafa .....	(2.984)	(4.420)
Arður greiddur til minnihluta .....	(67)	0
Handbært fé frá fjármögnun (til fjármögnunar)	<u>6.084</u>	<u>(12.906)</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>	(1.932)	6.119
Handbært fé í byrjun árs.....	13.023	7.714
Gengismunur vegna handbærs fjár.....	(152)	(181)
<b>Handbært fé í lok tímabilsins</b>	<u><u>10.939</u></u>	<u><u>13.652</u></u>

Skýringar á bls. 8 - 11 eru óaðskiljanlegur hluti þessara samstæðureikningsskila



## Skýringar

### 1. Almennar upplýsingar

Meginstarfsemi samstæðu Hampiðjunnar hf. og dótturfélaga er framleiðsla og sala á fullbúnum veiðarfærum og íhlutum þeirra. Félagið er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Hampiðjan hf. er með heimilisfesti á Íslandi. Heimilisfang er skráð að Skarfagörðum 4 í Reykjavík.

Félagið er skráð á First North hliðarmarkaði Kauphallar OMX á Íslandi.

Stjórn félagsins samþykkti þessi reikningsskil 23. ágúst 2018.

### 2. Reikningsskilaaðferðir

Helstu reikningsskilaaðferðir sem beitt var við gerð þessara reikningsskila eru tilgreindar hér á eftir. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt á bæði árin sem sett eru fram, nema annað sé tekið fram.

#### 2.1 Grundvöllur reikningsskila

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu Hampiðjunnar hf. fyrir tímabilið janúar til júní 2018 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34. Samandregni árshlutareikningurinn inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í ársreikningi og ætti því að lesa með hliðsjón af ársreikningi félagsins fyrir árið 2017.

Í upphafi árs tóku gildi tveir nýjir reikningsskilastaðlar, IFRS 9 Fjármálagerningar og IFRS 15 Tekjur af samningum við viðskiptavinum.

IFRS 9 Fjármálagerningar tilgreinir hvernig flokkun, mat og afskráningu fjáreigna og fjárskulda skuli vera háttáð auk þess að setja nýjar reglur um áhættuvarnarreikningsskil og setja fram nýtt líkan fyrir virðisrýnun fjáreigna. Í reikningsskilum samstæðunnar eru helstu fjármálagerningar viðskiptakröfur, sjóður og bankainnstæður og skuldir sem eru allar á afskrifuðu kostnaðarverði. Nýi staðallinn hefur engin áhrif á meðferð þessara fjármálagerninga hjá samstæðunni og því engar breytingar gerðar á reikningsskilum félagsins í upphafi árs.

IFRS 15 nær til sölu á vörum og þjónustu og byggir á þeirri grundvallarreglu að tekjur séu færðar þegar yfirráð yfir vöru eða þjónustu flyst til viðskiptavina. Hjá samstæðunni hafa tekjur verið færðar þegar viðskiptavinur hefur fengið vöru til umráða eða þegar þjónusta hefur verið innt af hendi. Nýr staðall breytir því ekki færslu tekna hjá samstæðunni.

Gerð árshlutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að notaðar séu tiltekna aðferðir við reikningshaldslegt mat. Stjórnendur félagsins þurfa jafnframt að ákvarða notkun tiltekinn reikningsskilaaðferða. Sérstaklega er greint frá þessum aðferðum í skýringu nr. 3.

### 3. Mikilvæg atriði sem varða reikningshaldslegt mat

Skráning eigna og skulda með tilliti til næsta fjárhagsárs er byggð á mati samstæðunnar. Stöðugt er farið yfir slíkt mat með hliðsjón af reynslu og öðrum þáttum svo sem framtíðarvæntingum sem taldar eru eðlilegar miðað við aðstæður. Slíkt reikningshaldslegt mat er í eðli sínu sjaldan nákvæmlega í samræmi við raunverulega niðurstöðu.

## Skýringar

### 4. Starfspáttayfirlit

#### Rekstrarstarfspættir

Samstæðan skiptist í fimm starfspætti eftir félögum innan samstæðunnar:

- Starfspáttur 1.** Starfsemi Hampiðjunnar sem er veiðarfæragerð, endursala og fjárfestingar. Starfsemi Hampidjan Baltic í Litháen, sem er verksmiðjuframleiðsla á netum, köðlum og ofurtógi. Starfsemi Otter sem er eignarhald á einkaleyfum.
- Starfspáttur 2.** Starfsemi veiðarfærafélagsins Swan Net Gundry.
- Starfspáttur 3.** Starfsemi veiðarfærafélagsins Cosmos Trawl og dótturfélaganna Nordsötrawl, Strandby Net og fasteignafélagsins Limet Ejendom.
- Starfspáttur 4.** Starfsemi veiðarfærafélaganna Hampidjan New Zealand, Hampidjan Canada, Hampidjan USA og dótturfélagsins Swan net USA, Hampidjan Australia, Fjarðaneta, Voot Beitu og Fasteignafélagsins Miðhús ehf.
- Starfspáttur 5.** Starfsemi veiðarfærafélagsins P/F Von og dótturfélaganna P/F Vónin, Vónin Refa, Qalut Vónin, Vónin Lithuania, Vónin Canada og Vónin Ísland.

	Starfsp. (1)	Starfsp. (2)	Starfsp. (3)	Starfsp. (4)	Starfsp. (5)	Milli- viðskipti	Samtals
<b>Janúar til júní 2018</b>							
Rekstrartekjur .....	28.172	7.980	9.701	16.811	33.142	(18.501)	77.305
Beinn framl.kostn .....	(23.841)	(5.877)	(7.306)	(13.153)	(24.000)	18.501	(55.676)
	4.331	2.103	2.395	3.658	9.142		21.629
Rekstrarkostnaður .....	(3.706)	(1.188)	(1.155)	(2.501)	(5.136)		(13.686)
<b>Rekstrarhagnaður</b>	625	915	1.240	1.157	4.006		7.943
Sem hlutfall af rekstrartekjum	2%	11%	13%	7%	12%		10%
Fjármunat. (fjármagnsgj.) .....	(402)	0	(56)	(328)	(306)		(1.092)
Hlutdeildarafkoma .....	47	0	0	0	0		47
Tekjuskattur .....	17	(120)	(297)	(65)	(793)		(1.258)
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	287	795	887	764	2.907		5.640
Afskriftir fastafjármuna .....	676	176	253	186	742		2.033
Kaup/s. fastafjármuna .....	(1.997)	(217)	(243)	(2.049)	(1.354)		(5.860)
EBITDA .....	1.302	1.091	1.492	1.342	4.749		9.976

	Starfsp. (1)	Starfsp. (2)	Starfsp. (3)	Starfsp. (4)	Starfsp. (5)	Milli- viðskipti	Samtals
<b>Janúar til júní 2017</b>							
Rekstrartekjur .....	22.301	6.827	8.371	10.191	28.386	(12.231)	63.845
Beinn framl.kostn .....	(17.818)	(5.041)	(6.213)	(7.805)	(19.895)	12.231	(44.541)
	4.483	1.786	2.158	2.386	8.491		19.304
Rekstrarkostnaður .....	(3.442)	(1.060)	(1.057)	(1.528)	(4.528)		(11.615)
<b>Rekstrarhagnaður</b>	1.041	726	1.101	858	3.963		7.689
Sem hlutfall af rekstrartekjum	5%	11%	13%	8%	14%		12%
Fjármunat. (fjármagnsgj.) .....	426	(10)	(89)	(107)	(230)		(10)
Innleyst matsbreyting .....	6.588	0	0	0	0		6.588
Hlutdeildarafkoma .....	72	0	0	0	0		72
Tekjuskattur .....	403	(83)	(253)	(48)	(743)		(724)
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	8.530	633	759	703	2.990		13.615
Afskriftir fastafjármuna .....	683	149	225	141	579		1.777
Kaup/s. fastafjármuna .....	(1.506)	(785)	(382)	(121)	1.925		(869)
EBITDA .....	1.723	875	1.326	999	4.543		9.466

	Starfsp. (1)	Starfsp. (2)	Starfsp. (3)	Starfsp. (4)	Starfsp. (5)	Milli- viðskipti	Samtals
<b>Heildareignir starfspáttar</b>							
30. júní 2018 .....	75.472	19.239	16.839	25.973	87.419	(19.915)	205.027
31. desember 2017 .....	68.778	18.254	15.678	20.551	80.649	(16.967)	186.943
<b>Heildarskuldur starfspáttar</b>							
30. júní 2018 .....	62.679	3.155	9.179	13.079	32.089	(19.777)	100.404
31. desember 2017 .....	54.739	2.413	8.332	9.168	27.004	(16.967)	84.689

## Skýringar

### 5. Árshelmingayfirlit

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á árshelminga:

	jan.-jún. 2018	júlí - des. 2017	jan.-jún. 2017	júlí - des. 2016	jan.-jún. 2016	júlí - des. 2015
Rekstrartekjur .....	77.305	63.086	63.845	57.596	59.491	29.282
Rekstrargjöld án afskrifta .....	(67.329)	(56.089)	(54.379)	(51.316)	(51.042)	(24.704)
Rekstrarhagnaður án afskrifta (EBITDA)	9.976	6.997	9.466	6.280	8.449	4.578
Afskriftir .....	(2.033)	(1.807)	(1.777)	(1.700)	(1.750)	(1.101)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	7.943	5.190	7.689	4.580	6.699	3.477
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	(1.045)	7.260	6.650	(956)	5.686	1.728
Hagnaður fyrir skatta	6.898	12.450	14.339	3.624	12.385	5.205
Tekjuskattur .....	(1.258)	(1.240)	(724)	(482)	(1.243)	(628)
Hagnaður árshelminga	5.640	11.210	13.615	3.142	11.142	4.577

Fjárhæðir í árshelmingayfirlitum eru óendurskoðaðar

## Skýringar

### 6. Yfirlit yfir félög í samstæðu

Nafn félags	Staðsetning	Starfsemi	Eignarhluti í eigu samstæðu	Eignarhluti í eigu minnihluta
Hampidjan Baltic UAB .....	Litháen	Veiðaf. framl.	100%	
Hampidjan Australia .....	Ástralía	Veiðafærag.	80%	20%
Hampidjan New Zealand LTD .....	Nýja Sjálandi	Veiðafærag.	100%	
Hampidjan Canada LTD .....	Kanada	Veiðafærag.	100%	
NAMSS LTD .....	Kanada	Veiðafærag.	100%	
Hampidjan USA Inc .....	Bandaríkin	Veiðafærag.	100%	
Swan Net USA, dótturfélag Hampidjan USA Inc .....	Bandaríkin	Veiðafærag.	65%	35%
OTTER Ultra Low Drag LTD .....	Cayman Is	Eignarh.f.	100%	
Cosmos Trawl A/S .....	Danmörku	Veiðafærag.	100%	
Nordsötrawl, dótturfélag Cosmos Trawl A/S .....	Danmörku	Veiðafærag.	80%	20%
Strandby Net A/S, dótturfélag Cosmos Trawl A/S .....	Danmörku	Veiðafærag.	80%	20%
Limet Ejendomme A/S, dótturfélag Cosmos Trawl A/S .....	Danmörku	Fasteignaf.	75%	25%
Swan Net Gundry LTD .....	Írlandi	Veiðafærag.	61%	39%
Fjarðanet hf. ....	Íslandi	Veiðafærag.	100%	
Voot beita ehf. ....	Íslandi	Veiðafærag.	68%	32%
Fasteignafélagið Miðhús ehf. ....	Íslandi	Fasteignaf.	53%	47%
P/F Von .....	Færeyjar	Eignarh.f.	99%	1%
P/F Vónin, dótturfélag P/F Von .....	Færeyjar	Veiðafærag.	100%	
Vonin Canada Ltd, dótturfélag P/F Vónin .....	Kanada	Veiðafærag.	100%	
Qalut Vonin, dótturfélag P/F Vónin .....	Grænland	Veiðafærag.	75%	25%
Vónin Ísland ehf, dótturfélag P/F Vónin .....	Íslandi	Veiðafærag.	100%	
Vónin Refa AS, dótturfélag P/F Von .....	Noregi	Veiðafærag.	100%	
Heroy Terminal AS, dótturfélag Vónin Refa AS .....	Noregi	Veiðafærag.	100%	
UAB Vónin Lithuania, dótturfélag P/F Von .....	Litháen	Veiðafærag.	100%	

Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga í lok ársins er 10,3 milljónir evra. Af þeirri fjárhæð er hluti minnihluta í Swan Net Gundry Ltd. 6,3 milljónir evra. Aðrir hlutar minnihluta eru í Hampidjan USA, Cosmos Trawl A/S, P/F Von, Hampidjan Australia, Voot beitu ehf og Fasteignafélaginu Miðhús ehf.

Swan Net Gundry Ltd á Írlandi er eina félagið innan samstæðunnar sem telst vera með minnihluta sem er verulegur fyrir samstæðuna. Upplýsingar um efnahag og rekstur félagsins koma fram í skýringu nr. 4 um starfsþætti, starfsþáttur 2.